

100 ára

Íslendingur 100 ára

9. apríl sl. var öld liðin frá því fyrsta tölublað Íslendinga, sem síðar varð málgagn Sjálfstæðisflokksins á Akureyri, kom út. Blaðið hefur alla tíð verið áberandi þáttur í flokksstarfinu hér, en var stofnað áður en bæði Íhaldsflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn komu til sögunnar. Frá upphafi var stefnt að því að blaðið væri borgaralega sinnað þjóðmálarit og áberandi sem slíkt.

Undanfara að útgáfu Íslendinga má rekja til útgáfu Dagblaðsins hér á Akureyri haustið 1914. Sigurður Einarsson, ritstjóri Dagblaðsins, tók þá afstöðu að breikka þyrfti grunn blaðsins eftir fimm mánaða útgáfu og ákvað að stofna nýtt blað og fá til liðs við sig Ingimar Eydal, kennara, sem samstarfsmann sinn, og voru þeir fyrstu ritstjórar hins nýja blaðs við stofnun 9. apríl 1915.

Samstarf fyrstu ritstjórnanna stóð til ársloka 1917, uns Ingimar ákvað að ganga til liðs við Framsóknarflokkinn og standa að útgáfu Dags, sem kom út fyrsta skipti árið eftir og stofnað til höfuðs Íslendingi. Íslendingi var ætlað að taka beinan þátt í þjóðmálaumræðu, með skarpari sýn í framsetningu fréttu og auglýsinga. Íslendingur var strax markað sem rit hægra megin við miðju og tók afgerandi afstöðu til mála á þeim vettvangi. Útgáfan var jafnan bundin sem vikurit og kom út jöfnum höndum.

Sigurður Einarsson seldi blaðið í ársbyrjun 1920 og lét af störfum sem ritstjóri. Í gegnum breytingar á eignahaldi voru Brynjólfur Töbíasson og Jónas Jónasson ritstjórar blaðsins. Meiri festa kom á útgáfunu á árinu 1922 og tók Gunnlaugur Tr. Jónsson við sem ritstjóri. Gunnlaugur var ritstjóri blaðsins bæði við stofnun Íhaldsflokksins 24. febrúar 1924 og Sjálfstæðisflokksins 25. maí 1929.

Gunnlaugur var ritstjóri blaðsins í einn og hálfan áratug. Þegar hann lét af ritstjórarstörfum var ákveðið að Jakob Ó. Pétursson tæki við sem ritstjóri en hann gat ekki tekið við starfinu strax sökum

anna á öðrum vettvangi. Einar Ásmundsson og Konráð Vilhjálmsson ritstýrðu um stutt skeið. Er þeir hættu var ákveðið að leita til Sigurðar Einarssonar fyrsta ritstjóra blaðsins um að brúa bilið og var hann aftur ritstjóri á árinu 1937 uns Jakob gat tekið við. Jakob var einn af öflugustu ritstjórum blaðsins og lék lykilhlutverk við útgáfu þess um langt skeið.

Þegar Jakob tók sér hlé frá ritstjórn árin 1945-1949 voru Bárður Jakobsson, Karl Jónasson, Magnús Jónsson frá Mel og Eggert Jónsson ritstjórar blaðsins. Magnús frá Mel varð á löngum ferli sínum einn helsti leiðtogi sjálfstæðismanna á Norðurlandi – var alþingismaður Eyfirðinga 1953-1959 og svo Norðurlands eystra 1959-1974. Magnús varð fjármálaráðherra (þegar Gunnar Thoroddsen hætti í stjórnmalum) 1965-1971 og varaformaður Sjálfstæðisflokksins 1973-1974 (eftir að Geir Hallgrímsson varð formaður). Magnús missti heilsuna, skömmu eftir varaformannskjörið, árið 1974 og hætti afskiptum af stjórnmalum langt um aldur fram.

Jakob var þekktur fyrir skorinorð skrif og telst ritstjóratímabil hans eflaust með hápunktum í útgáfu Íslendinga. Í tíð hans kom til ritstjórnarskrif undir heitinu Jón í Grófinni og voru þau áberandi og vel lesin alla tíð. Blaðið var sennilega mest áberandi í skrifum og framsetningu þjóðmálaumræðu í tíð Jakobs. Blaðið tók miklum framförum og varð nútímavæðara í tíð hans, og þar t.d. skrifað um mál frá alþjóðavettvangi auk fréttu úr kjördæminu. Framsetning mynda og ritmáls tóku miklum breytingum á löngu ritstjórnarskeiði Jakobs og útgáfa þess festist í sessi.

Jakob lét af ritstjórarstörfum snemma árs 1966 og tók Herbert Guðmundsson við ritstjórninni af honum. Herbert ritstýrði blaðinu á árunum 1966-1969, fram á starfstíma Íslendinga-Ísafoldar. Á þessum árum hóf Halldór Blöndal, sem þá var enn í námi, að koma að útgáfu blaðsins og greinaskrifum og sinnti því um nokkuð skeið með öðrum verkefnum. Halldór varð einn af helstu forystumönnum sjálfstæðismanna í kjölfarið, hafði verið erindreki flokksins í Norðurlandskjördæmi eystra á námsárum og

gegntrúnaðarstörfum í flokksstarfinu á Akureyri en varð síðar varaþingmaður 1971-1979 og síðan alþingismaður 1979-2007 og enn fremur ráðherra 1991-1999 og forseti Alþingis 1999-2005.

Á árunum 1968-1972 var útgáfa Íslendinga og Ísafoldar sameinuð í ritið Íslendingur-Ísafold eftir að kjördæmiráð Sjálfstæðisflokksins í Norðurlandskjördæmi eystra hafði ákveðið að hætta útgáfu í fyrra formi. Útgáfan í því formi var unnin í samstarfi við Morgunblaðið. Félagið sem gaf út blaðið hlaut nafnið Vörður landshlutafélag. Var það rekið sem landshlutablað með örlítið breiðari grunni (sagði t.d. fréttir frá Vestfjörðum og Austurlandi) og sagði t.d. að hluta erlendar fréttir með í yfirlitsformi, en helsti fókúsin á Norðurlandið. Ritstjórar þess voru fyrst Herbert Guðmundsson, svo Sæmundur Guðvinsson og loks Lárus Jónsson og Ásmundur Sveinsson.

Hlé var gert á útgáfunni í röska tíu mánuði og að því loknu var Íslendingur endurreistur í fyrri mynd og kom fyrsta blað eftir breytingar út 11. október 1973



Lárus Jónsson var um skeið ritstjóri Íslendinga-Ísafoldar. Lárus lést 29. nóvember sl. Hann var bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins á Akureyri 1970-1974 og sat á Alþingi fyrir Norðurlandskjördæmi eystra 1971-1984. Undir lokin á þingferlinum var Lárus oddviti flokksins í kjördæminu

og hafði þá verið markað blaðinu til-tölulega traustan grunn. Það tókst undir traustri forystu Halldórs Blöndals og



Sævar Vigfússon, Kristján Pálsson og Sigyn Georgsdóttir



Lena Hallgrímsdóttir, Benedikt Smári Ólafsson, Inga Vestmann og Hanna Dröfn Guðmarsdóttir



Pálmi í blaðavagninum



Rit og greinar lesnar



Blaðið prentað



Halldór Blöndal, Ottó Pálsson og Gísli Jónsson



Fundað á skrifstofunni

hófst regluleg útgáfa að nýju undir ritstjórn Halldórs. Gísli Sigurgeirsson var ráðinn auglýsingastjóri við hlið Halldórs og vann af krafti að því að breikka auglýsingagrunn blaðsins og treysta undirstöður þess og útgáfu.

Þegar Halldór lét af ritstjórastörfum vegna anna á öðrum vettvangi árið 1974 var Sigrún Stefánsdóttir ráðin ritstjóri blaðsins, en Halldór hélt áfram virkum leiðaraskrifum, rétt eins og Jakob Pétursson áður. Sigrún gegndi starfinu í rúm tvö ár uns hún hélt til starfa á fréttastofu Sjónvarpsins. Þá tók Gísli Sigurgeirsson við starfi ritstjóra blaðsins. Í ritstjóratíð Sigrúnar var byrjað að prenta blaðið út að hluta í lit, þegar blaðhausinn og umgjörð hans á forsíðu varð fagurblá.

Þegar Gísli hætti sem ritstjóri árið 1980 var ekki strax ráðinn eftirmaður en fjögurra manna teymi tók saman að sér ritstjórn; Sigurður J. Sigurðsson, Gísli Jónsson, Guðmundur Heiðar Frímansson og Björn Jósef Arnviðarson. Síðar um árið tók Kristinn G. Jóhannsson að sér ritstjórn og Guðlaug Sigurðardóttir hafði þá tekið við sem auglýsingastjóri. Guðlaug hélt utan um auglýsingamál blaðsins ásamt Kristínu Ottesen þar til yfir lauk.

Rekstrargrundvöllur Íslendinga veiktist mjög þegar komið var fram á níunda áratuginn. Grundvöllur flokksmálgagna allt í kringum landið veiktist til muna og varð ljóst að reksturinn gengi illa að óbreyttu. Á þessum tíma voru ritstjóraskipti tíð á Íslendingi. Gunnar Berg Gunnarsson tók við ritstjórn af Kristni

og skömmu síðar tóku Gunnar Blöndal, Halldór Halldórsson og Guðmundur Heiðar (að nýju) við ritstjórninni.

Sumarið 1984 tók Halldór Blöndal aftur að sér tímabundið ritstjórn meðfram þingstörfum ásamt Guðmundi Heiðari. Tómas Ingi Olrich, síðar alþingismaður 1991-2003 og menntamálaráðherra 2002-2003, varð ritstjóri blaðsins í ársbyrjun 1985. Þegar 70 ára afmæli blaðsins var fagnað í apríl 1985 var ljóst að blaðið væri á krossgötum og óvissa væri um framtíð þess. Haustið 1985 tók Stefán Sigtryggsson við ritstjórn blaðsins og varð síðasti ritstjóri Íslendinga sem vikublaðs.

Í ársbyrjun 1986 var fullreynt með útgáfu blaðsins og hlé var gert á henni. Vinna við endurskipulagningu blaðsins bar ekki árangur og ákveðið var að hætta útgáfunni í óbreyttri mynd endanlega um vorið en ákveðið að gefa blaðið þess í stað út með reglubundnum hætti fyrir kosningar til Alþingis og sveitarstjórnar og reglulega þess fyrir utan til fjáröflunar fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Svo hefur verið síðan.

Á 86 ára afmæli Íslendinga, 9. apríl 2001, var opnað vefrit Sjálfstæðisflokksins á Akureyri og var því að sjálfsögðu gefið heitið Íslendingur til heiðurs blaðinu. Halldór Blöndal opnaði vefritið í gleðskap í Kaupangi þann dag. Vefritið hefur síðan verið fréttamiðill flokksins hér á Akureyri og þar lögð áhersla á að auglýsa viðburði og birta greinaskrif eftir forystumenn hverju sinni. Helgi Vilberg var fyrsti ritstjóri vefritsins 2001-



Sigrún Stefánsdóttir fo. ritstjóri Íslendinga



Vilhelm Jensen prentari



Tekið viðtal fyrir Íslending



Unnið hörðum höndum



Gunnar Sólmes, Mikael Jónsson, Knútur Karlsson, Svavar Jóhannsson o.fl.

2007, síðan var Jóna Jónsdóttir ritstjóri á árunum 2007-2010 og hef ég undirritaður gegnt ritstjórn frá árinu 2010.

Öll tölublöð af Íslendingi hafa verið skönnuð inn og með því saga merks rits og pólitísku starfs hér á Akureyri fyrr og nú, svo og saga bæjarins á þeim tíma, verið varðveitt í máli og myndum. Öll blöðin eru aðgengileg á vefslóðinni timarit.is og hvet ég alla til að renna yfir öll blöðin á árunum 1915-1986 og þau blöð sem síðan hafa verið gefin út fyrir kosningar til Alþingis og sveitarstjórnar.

Íslendingur á sér merka sögu, fyrr og

nú, og mikilvægt að fara lauslega yfir hana og með því heiðra þá menn sem lögðu grunninn að traustu málgagni sem stóð vörð um farsæla þjóðmálaumræðu með hugsjón og kraft að leiðarljósi. Við hugsum til allra þeirra sem lagt hafa hönd á plóginn og lögðu mikið af mörkum til heiðurs sjálfstæðisstefnunnar, þeirri pólitísku stefnu sem jafnan hefur reynst heilladrýgst og best þegar á reynir.

Stefán Friðrik Stefánsson
ritstjóri vefritsins Íslendinga



Skrifstofa blaðsins er hún var við Ráðhústorg



Gísli Jónsson, Jón Viðar Guðlaugsson og Halldór Blöndal